Sjómannafélagið Jötunn í Vestmannaeyjum:

Hömlum á útflutningi ísfisks í gámum mótmælt

STJÓRNARFUNDUR í sjómannafélaginu Jötni í Vestmannaeyjum, haldinn síðastliðinn miðvikudag, mótmælir harðlega þeim hömlum sem settar hafa verið á útflutning ísfisks í gámum.

Stjórn Jötuns lítur svo á að viss stjórnun á útflutningi ísfisks í gámum geti verið nauðsynleg. Hún getur hins vegar ekki sætt sig við þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið undanfarnar vikur þar sem skipum er meinað að flytja út aflann, jafnvel þó ekki sé hægt að losna við hann hér heima á gildandi fiskverði. Stjórnin skorar á sjávarútvegsráðherra að afnema nú þegar hömlur á útflutningi ísfisks í gámum og taka upp viðræður við hagsmunaaðila í sjávarútvegi um hugsanlega lausn á málinu.

Stjórnin mótmælir einnig harðlega þeirri kaupmáttarskerðingu sem fram kemur í tillögum til ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál, svo og áformum um lækkun skiptaprósentu til sjómanna eða lækkun fiskverðs sem er nú þegar of lágt miðað við verðlagsþróun í landinu.

Stjórnin skorar á miðstjórn Alþýðusambands Íslands að hafna nú þegar þeirri leið sem ríkisstjórnin virðist hafa valið sér til að rétta við atvinnurekstur í landinu og hallann á ríkissjóði, það er að segja ofnotaðri kjaraskerðingarleið, segir í fréttatilkynningu frá sjómannafélaginu Jötni.



Sigríður Gyða sýnir verk sín á Kjarvalsstöðum til 11. september.

Sigríður Gyða sýnir á Kjarvalsstöðum

SIGRÍÐUR Gyða opnaði málverkasýningu á Kjarvalsstöðum laugardaginn 27. ágúst sl. Á sýningunni eru 30 verk.

Þetta er fyrsta einkasýning Sigríðar í Reykjavík en hún hefur tvívegis tekið þátt í haustsýningu FÍM á Kjarvalsstöðum og margoft sýnt í veitingahúsinu Þrastalundi við Sog. Hún stundaði nám í myndlistarskólum hérlendis í sjö ár.

Sýning Sigríðar Gyðu stendur til 11. september nk. og er opin kl. 14—22 daglega.

(Fréttatilkynning)



Morgunblaðið/K.G.A.

Hinrik Greipsson, formaður Sambands íslenskra bankamanna, ávarpar útifundinn á Lækjartorgi í gær.

Útifundur á Lækjartorgi:

Ráðagerðir um niðurfærslu launa fordæmdar

ÚTIFUNDUR, sem ýmis stéttarfélög opinberra starfsmanna og bankamenn áttu frumkvæði að, var haldinn á Lækjartorgi á fimmtudag. Á fundinum var samþykkt ályktun, þar sem mótmælt er þeirri ákvörðun stjórnvalda, að banna að greiða út 2,5% samningsbundna launahækkun 1. september. Jafnframt eru fordæmdar ráðagerðir stjórnvalda um niðurfærslu launa. Lögreglan sló ekki tölu á fjöldann, sem safnaðist saman, en sagði að um nokkurn hóp hefði verið að ræða.

Ályktun fundarins er svohljóðandi:

„Útifundur launafólks á Lækjartorgi mótmælir harðlega öllum hugmyndum um skerðingu á kjörum launafólks. Mælirinn er fullur. Afnám samnings- og verkfallsréttar launamanna og tvær gengisfellingar á fyrri hluta ársins hafa leitt til umtalsverðrar kjaraskerðingar hjá launafólki sem aðrir þjóðfélagsþegnar hafa komist hjá.

Vinnuframlag og kaup launafólks á enga sök á þeim efnahagsvanda sem við er að glíma. Efnahagsvandi sá sem forstjóranefndin var að leita lausnar á er til kominn vegna hárra vaxta og lélegrar stjórnunar fyrirtækja og stofnana.

Launamenn mótmæla sérstaklega ákvörðun um að greiða ekki 2,5% samningsbundna launahækkun í dag, 1. september og fordæma allar ráðagerðir stjórnvalda um enn meiri niðurfærslu launa. Fundurinn skorar á stéttarfélögin í landinu að verja lífskjör. Stöndum saman.“

Fiskverð á uppboðsmörkuðum 2. september.

FISKMARKAÐUR hf. í Hafnarfirði

	Hæsta verð	Lægsta verð	Meðalverð	Magn (lestir)	Heildarverð (kr.)
Þorskur	64,00	41,00	59,01	7,826	461.848
Undirmál	27,00	27,00	27,00	0,408	11.018
Ýsa	110,00	35,00	92,83	0,995	92.416
Ufsi	18,00	18,00	18,00	0,084	1.512
Keila	15,00	15,00	15,00	0,845	12.675
Langa	30,00	30,00	30,00	0,285	8.565
Lúða	200,00	200,00	200,00	0,049	9.800
Koli	44,00	44,00	44,00	0,399	17.578
Samtals			56,40	10,893	615.412

Selt var aðallega úr Stakkavík ÁR. Nk. mánudag verður m.a. selt óákveðið magn úr Stakkavík ÁR og karfi og ýsa úr Keili RE.

FAXAMARKAÐUR hf. í Reykjavík

Þorskur	59,00	40,00	48,23	3,158	152.324
Undirmál	24,00	24,00	24,00	0,052	1,248
Ýsa	71,00	20,00	61,41	1,980	121.587
Karfi	20,00	20,00	20,00	0,268	5.360
Ufsi	12,00	12,00	12,00	0,020	240
Hlýri	26,00	26,00	26,00	0,445	11.570
Skarkoli	34,00	26,00	32,54	0,127	4.132
Samtals			49,00	6,050	296.461

Næstkomandi mánudag verða m.a. seld 120 tonn af karfa og 20 tonn af ufsa úr Ögra RE.

FISKMARKAÐUR SUÐURNESJA hf.

Þorskur	53,50	39,50	50,87	7,920	402.909
Ýsa	80,50	33,00	71,39	8,978	640.925
Ufsi	27,00	13,00	26,64	1,852	49.344
Karfi	26,00	15,00	25,06	2,728	68.370
Steinbítur	41,50	41,50	41,50	0,321	13.308
Langa	35,00	35,00	35,00	0,200	7.000
Sólkoli	51,50	51,50	51,50	0,017	876
Skarkoli	41,50	35,00	39,26	1,208	47.425
Lúða	146,00	121,00	140,37	0,046	6.457
Keila	12,00	12,00	12,00	0,015	180
Skata	71,00	71,00	71,00	0,087	6.177
Skötuselur	313,00	274,00	288,94	0,047	13.580
Samtals			53,65	23,420	1.256.551

Selt var aðallega úr Höfrungi II GK. Næstkomandi mánudag verða m.a. seld 10 tonn af þorski, 6 tonn af ýsu og 3 tonn af ufsa úr Sigurði Þorleifssyni GK.

GENGISSKRÁNING

Nr. 166. 2. september 1988

Ein. Kl. 09.15	Kr. Kaup	Kr. Sala	Tollgengi
Dollari	46,79090	46,91000	46,65000
Sterlp.	78,09000	78,29000	78,62900
Kan. dollari	37,82500	37,92200	37,69500
Dönsk kr.	6,48730	6,50400	6,50400
Norsk kr.	6,73770	6,75500	6,77120
Sænsk kr.	7,21230	7,23080	7,23700
Fi. mark	10,51930	10,54630	10,52100
Fr. franki	7,34020	7,35900	7,36240
Belg. franki	1,18990	1,19300	1,19170
Sv. franki	29,58580	29,66170	29,60960
Holl. gyllini	22,09940	22,15610	22,13460
V-þ. mark	24,96130	25,02530	25,00000
Ít. líra	0,03349	0,03357	0,03366
Austurr. sch.	3,54750	3,55660	3,55430
Port. escudo	0,30330	0,30410	0,30520
Sp. peseti	0,37570	0,37660	0,37810
Jap. yen	0,34166	0,34253	0,34767
Írskt pund	66,73900	66,91000	66,90300
SDR (Sérst.)	60,17520	60,32950	60,40430
ECU, evr.m.	51,70530	51,83790	51,85850

Tollgengi fyrir september er sölugengi 29. ágúst.
Sjálfvirkur símsvari gengisskráningar er 62 32 70.

Athugasemd frá Dansráði Íslands

VEGNA fréttar í Morgunblaðinu 1. september undir fyrirsögninni „Dansskólar ætla að sækja um undanþágu“ vill Dansráð Íslands koma eftirfarandi athugasemd á framfæri.

„Fréttamaður hafði ekki samband við neinn úr stjórn Dansráðs Íslands vegna þess fundar sem haldinn var í ráðinu miðvikudaginn 31. ágúst, enda hefði hann þá fengið önnur svör eftir að fundurinn var haldinn.

Á fundi ráðsins var aftur á móti samþykkt einróma að beina þeim tilmælum til allra danskennara innan samtakanna að virða landslög og á meðan verðstöðvun er í landinu verði gjaldskrá dansskólanna eins og hún var sl. vor þegar flestir dansskólar luku vetrarstarfinu.

Dansráð Íslands mun því ekki leggja inn beiðni til Verðlagsstofnunar um undanþágu frá verðstöðvun eins og fram kom í frétt blaðsins og við hörmum vinnubrögð fréttamanns að hafa ekki leitað nánari upplýsinga, en þessi frétt var aðeins til að villa um og skaða danskennsluna í landinu. Þar að auki var engin ástæða til umfjöllunar um þetta mál á þessu stigi því enginn dansskóli var búinn að auglýsa starfssemi sína fyrir komandi vetur.“

(Athugasemd ritstj.)

Í frétt blaðsins var haft eftir skólastjóra Nýja dansskólans að Dansráð Íslands myndi „væntanlega leggja fram beiðni um undanþágu frá verðstöðvuninni.“ Blaðamaður taldi ekki ástæðu til að rengja þetta, enda var ekki fullyrt að beiðni yrði lögð inn. Ekki var sagt eða gefið í skyn í fréttinni að danskennarar hygðust ekki virða landslög. Tilgangur fréttarinnar var ekki að „villa um og skaða danskennsluna í landinu,“ heldur að forvitnast um viðbrögð þeirra sem verðstöðvunin kemur harðast niður á.

Fyrirsögn fréttarinnar er ónákvæm, þar hefði átt að standa „íhuga“ í stað „ætla“.

Slys á Kleppsvegi

Umferðarslys varð við Kleppsveg 18 í hádeginu í gær. Ekið var á gangandi vegfaranda og lenti bíllinn sem það gerði síðan í árekstri við annan.

Gangandi vegfarandinn og ökumaður annasrs bílsins voru fluttir á slysadeild, talsvert slasaðir.